

Þriðjudaginn 28. október 1997.

Nr. 444/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Karli Eldar Gunnarssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. desember nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Samkvæmt greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti telur hann ekki lengur þörf gæsluvarðhalds á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Reisir hann kröfu sína nú eingöngu á 2. mgr. 103. gr. sömu laga.

Ekki verður fallist á, að skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 sé fullnægt til gæsluvarðhalds, enda eru ekki efni til að telja almannahagsmuni krefjast þess. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 1997.

Ár 1997, fimmtudaginn 23. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Karli Eldar Gunnarssyni, kt. 300479-5299, Engihjalla 1, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. desember nk. kl. 16, vegna grunar um brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lögreglan í Reykjavík vinnur nú að rannsókn tveggja rána, er framin voru í versluninni Kjalfelli við Gnoðarvog í Reykjavík laugardaginn 27. september sl. og föstudaginn 10. október sl. Kærði hefur viðurkennt aðild sína að báðum þessum ránum. Í báðum tilvikum kveðst hann hafa farið inn í verslunina ásamt öðrum pilti, en sá hafði með sér hníf, sem hann ógnaði afgreiðslustúlkum með. Þátt sinn í framkvæmd beggja ránanna kveður kærði einkum hafa átt að vera fólgin í því að sjá um að taka peninga úr peningakassa verslunarinnar. Í fyrra tilviki höfðu ránsmennirnir á brott með sér 64.000 krónur í reiðufé, en í hinu síðara 16.000 krónur. Kærði hefur í skýrslum hjá lögreglu lýst undirbúningi ránanna, og kemur þar fram, að í fyrra skiptið hafi piltur og stúlka verið með í för og beðið á lengdar í bifreið, meðan ránið var framið. Hann kveðst hafa verið með hettu yfir höfði sér og hulið neðri hluta andlits með peysu. Í síðara ráninu kveðst kærði hafa hulið andlitið með prjónahúfu, sem hann hafði skorið á göt fyrir augu. Pilturinn, sem kærði ber, að staðið hafi með sér að síðara ráninu, neitar sök, en stúlka, sem kveðst hafa beðið á lengdar í bifreið, staðfestir frásögn kærða.

Rannsókn framangreindra mála er vel á veg komin, en þó er ljóst, að yfirheyra þarf nánar vitni og sakborninga. Telja verður, að hér sé um svo alvarleg brot að ræða, að hagsmunum almennings sé ógnað. Þá verður einnig að líta til þess, að sterkur grunur er um aðild kærða að báðum ránunum, svo og þess, að þau voru framin með skömmu millibili. Þykir það lýsa einbeittum brotavilja kærða.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því rétt að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Karl Eldar Gunnarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. desember nk. kl. 16.